

Fimmtudaginn 30. mars 1995 kl. 10:00

50. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 16/1995

**Kvörtun Sambands íslenskra tryggingafélaga
vegna Húsatrygginga Reykjavíkur**

I

Málavextir og lagarök

1.

Þann 16. nóvember 1994 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) þar sem stjórn SÍT vekur athygli samkeppnisyfirvalda á starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur. Telur stjórnin ástæðu til að ætla að sú starfsemi gangi í berhögg við ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993 og fer þess á leit við Samkeppnisráð að það úrskurði í þessu efni og grípi að öðru leyti til þeirra aðgerða sem lög nr. 8/1993 mæla fyrir um í tilvikum sem þessum.

Í erindi SÍT kemur m.a. fram til skýringa að síðustu misserin hafi íslensk váttryggingafélög verið að búa sig undir að mæta vaxandi samkeppni erlends frá, sem vænta megi vegna sammingsins um EES. Á sama tíma þurfi váttryggingafélögin að standa andspænis samkeppni við Reykjavíkurborg, sem engan veginn verði talin grundvallast á jafnræði. Einnig kemur fram að *"Þannig verða almennu váttryggingafélögin að standa undir sköttum og skyldum ásamt öðrum þeim atvinnurekstrarlegu kröfum, sem gerðar eru til fyrirtækja hér á landi. Reykjavíkurborg virðist á hinn bóginn lítt eða ekki þurfa að taka tillit til slíkra almennra kvaða, auk þess sem Húsatryggingar Reykjavíkurborgar verða undanþegar ýmsum váttryggingarlegum form- og efniskröfum, sem hin almennu váttryggingarfélög verða að uppfylla."*

Auk þess segir *"...Sem kunnugt er hafa iðgjöldin verið innheimt með fasteignagjöldum borgarinnar. Hafi slíkt verklag einhvern tímann talist réttlætanlegt, þá er nú með öllu*

óviðunandi frá sjónarhóli keppinautanna, að iðgjöld séu innheimt samhliða opinberum gjöldum, sem greiða ber samkvæmt löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga. Fulltrúar S. Í. T hafa komið þessum sjónarmiðum ítrekað á framfæri við Reykjavíkurborg, bréflega og einnig á fundum, nú síðast með borgarstjóra, borgarritara og borgarlögmanni þann 4. þ.m. Kom þar skýrt fram að engin áform væru uppi um að gera breytingar á rekstri Húsatrygginga Reykjavíkurborgar. Þannig stæði t.d. ekki fyrir dyrum að skilja skýrar fjárhagslega á milli Reykjavíkurborgar og Húsatrygginga, og unnið væri að undirbúningi iðgjaldainnheimtu með fasteignagjöldum á óbreyttan hátt strax í byrjun janúarmánaðar n.k. vegna ársins 1995.

Jafnframt segir í erindinu að "Samkvæmt 5.gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er hlutverk samkeppnisráðs m.a. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni, og að auðvelda aðgang nýrra samkeppnisáðila að markaði. Í 2.mgr. 14.gr. sömu laga segir efnislega að þegar um sé að ræða opinbert fyrirtæki sem starfi að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar sé samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skuli þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi. Almenn túlkun á þessu síðastnefnda ákvæði mun vera sú, að því skuli beitt njóti opinber aðili hvers konar ívilnunar. Þannig geti aðstöðumunur, sem rakinn verði til laga eða stjórnvaldsfyrirmæla, t.d. í formi skattívilnana, talist opinber vernd í þessu sambandi."

Í erindinu fer stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga þess á leit, að Samkeppnisstofnun og Samkeppnisráð láti málefni þetta til sín taka og telur hún sérstaklega brýnt að niðurstaða fáiast sem allra fyrst varðandi tilhögun á iðgjaldsinnheimtu Húsatrygginga Reykjavíkur þar sem innheimtan hefst strax í janúarbyrjun.

2.

Erindi SÍT var sent borgarstjóra Reykjavíkur til umsagnar og barst umsögn frá borgarlögmanninum í Reykjavík þann 12. desember s.l. Þar kom m.a. fram að Alþingi hafi samþykkt fyrir á þessu ári lög um brunatryggingar nr. 48/1994 og í þeim sé sérstakt bráðabirgðaákvæði sem Húsatryggingar Reykjavíkur starfi eftir. Einnig segir í bréfinu "...Af þessu ákvæði laganna verður eftirfarandi ráðið:

1. *Húsatryggingar Reykjavíkur hafa heimild Alþingis til áframhaldandi brunatryggingar húseigna í Reykjavík.*
2. *Einkaréttur Reykjavíkurborgar til brunatryggingar húseigna í sveitarfélaginu fellur niður 1. janúar 1995.*
3. *Tekjur sem Reykjavíkurborg kann að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi".*

Í erindinu kemur auk þess fram að Húsatryggingar Reykjavíkur starfi eftir sérstakri heimild löggjafans og verði því ekki breytt nema með breytingum á lögum um brunatryggingar. Jafnframt telur borgarlögmaður ekki séð af samkeppnislögum nr. 8/1993 að það sé hlutverk Samkeppnisstofnunar eða samkeppnisráðs að fjalla um þann lagagrundvöll sem Húsatryggingar Reykjavíkur starfi eftir. Telur hann Samkeppnisstofnun ekki geta tekið málefni Húsatrygginga ein til athugunar án þess að málefni annarra tryggingarfélaganna sem áður höfðu einkaleyfi á tilteknu sviði séu tekin til sambærilegrar skoðunar.

Auk þess kemur fram að "*Húsatryggingar Reykjavíkur er eina félagið sem ber að verja tekjum sínum til brunavarna*".

Jafnframt segir "*...Húsatryggingar Reykjavíkur er félag í eigu borgarsjóðs Reykjavíkur. Félagið hefur sjálfstætt reikningshald og fylgir ársreikningur ársins 1993 bréfi þessu*".

Að auki kemur fram að Gjaldheimtan í Reykjavík innheimti iðgjöld Húsatrygginga Reykjavíkur, svo og viðlagatryggingu sem húsatryggingar skili til Seðlabanka Íslands, og brunavarnargjald sem Húsatryggingar skili til Brunamálastofnunar ríkisins.

Að endingu segir "*...Húsatryggingar Reykjavíkur starfa ekki lengur á grundvelli einkaleyfis eins og var í gildistíð laga nr. 25/1954 og njóta enngar sérstakrar verndar Reykjavíkurborgar. Starfsemin er á engan hátt niðurgreidd af borgarsjóði. Þvert á móti leggja Húsatryggingar Reykjavíkur fram verulegt framlag til brunavarna í Reykjavík. Eins og áður er minnst á er sérstaklega fjallað um það í bráðabirgðaákvæði laga 48/1994 að tekjum skuli varið til eflingar brunavörnum. Ákvæði 2.mgr. 14.gr. samkeppnislaga á því sýnilega ekki við í þessu tilviki enda ætlað að taka til starfsemi sem er með öðrum hætti en rekstur Húsatrygginga Reykjavíkur.*

Reykjavíkurborg er eigandi Gjaldheimtunnar í Reykjavík ásamt ríkissjóði". Einnig segir að Gjaldheimtan í Reykjavík, innheimtustofnun Reykjavíkurborgar, annist innheimtu fasteignaskatts og að með fasteignaskattinum hafi verið innheimt ýmis önnur gjöld sem Reykjavíkurborg og borgarfyrtæki innheimti og tengd séu fasteignum með einum eða öðrum hætti. Loks segir "...Það er eðlileg ráðstöfun að Reykjavíkurborg feli innheimtustofnun borgarinnar, Gjaldheimtunni, að innheimta þau gjöld sem borgarsjóður og borgarfyrtæki innheimta hjá húseigendum í Reykjavík. Með sama hætti má gera ráð fyrir að váttryggingarfélögin innheimti brunaiðgjöld húseigna með öðrum váttryggingaiðgjöldum sem viðskiptavinir félaganna kaupa. Það er borgarstjórnar að ákveða hvernig brunaiðgjöld Húsatrygginga Reykjavíkur verða innheimt."

3.

Svar borgarlögmans var sent SÍT til umsagnar þann 16. desember s.l. og kom eftirfarandi m.a. fram í umsögn SÍT dags. 19. desember s.l. " *...Þar sem við því er að búast, að innheimta iðgjalda stofnunarinnar vegna ársins 1995 fari að hefjast á næstu dögum, er þess farið á leit, að Samkeppnisstofnun taki það mál sérstaklega fyrir og afgreiði það eins fljótt og kostur er."*

Einnig kom fram að í bréfi borgarlögmans segi efnislega að hlutverk Gjaldheimtunnar sé að innheimta þá skatta og gjöld sem lögð séu á einstaklinga og fyrirtæki í Reykjavík. Auk þess segir í umsögn SÍT að " *...Öll þessi gjöld hafa átt það sammerkt, að þau eru ýmist lögbundin skattheimta til borgarinnar eða vegna þjónustu á vegum borgarinnar, er hún á ekki í samkeppni um við nokkurn aðila. Þegar einkaréttur Húsatrygginga Reykjavíkur á brunatryggingum húseigna í borginni hefur verið afnuminn, og almenn félög eru að hasla sér völl á því sviði, er það frá sjónarhóli keppinautanna með öllu óviðunandi, að borgin geti nýtt skattheimtustofnun sína, Gjaldheimtuna, sem m.a. innheimtir skatta og skyldur af þessum sömu váttryggingafélögum, til að innheimta gjöld fyrir þjónustu, sem er frjáls og tengist ekki rekstri sveitarfélags sem slíks. Loks má nefna að neytendur átti sig ekki á því, að með innheimtu fasteignagjalda og annarra tengdra gjalda fylgi váttryggingaiðgjöld, þótt einstakar tegundir gjalda kunni að vera sundurliðaðar."*

4.

Þann 27. desember s.l. var borgarlögmanni sent ofangreind umsögn SÍT og barst Samkeppnisstofnun svar hans við henni dags. 30. desember s.l. Í umræddu svari borgarlögmans kom m.a. eftirfarandi fram " *...Ekkert nýtt kemur fram í bréfi*

sambandsins frá 19. þ.m. og vísast því til umsagnar minnar frá 12. þ.m. sem Samkeppnisstofnun hefur þegar borist". Jafnframt segir "...Húsatryggingar Reykjavíkur, Reykjavíkurborg og Gjaldheimtan í Reykjavík hafa ákveðið að gerðar verði nokkrar breytingar á innheimtufyrirkomulagi Gjaldheimtunnar m.a. til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru í samkeppnislögum. Breytingarnar eru m.a. eftirfarandi:

1. Í upphafi hvers árs verður sendur greiðsluseðill til gjaldenda fasteignagjalda, þar sem sérgreind verður sú upphæð er rennur til greiðslu brunatryggingar. Á bakhlið greiðsluseðilsins verður gerð ítarleg grein fyrir brunatryggingaiðgjaldinu. Gjaldið er skýrt nákvæmlega og á hvaða grundvelli það byggist.
2. Gjaldheimtan hefur haft þær uppgjörsgreinar, að við lok hvers dags er innheimtum gjöldum skipt upp á milli ríkis og Reykjavíkurborgar. Vegna gildistöku laga um brunatryggingar þá verður þessari skipan breytt, þannig að innheimtum gjöldum verður skipt milli ríkis, Reykjavíkurborgar og Húsatrygginga Reykjavíkur. Hver lögaðili fær þannig í sinn hlut það er innheimst hefur af hans gjöldum yfir daginn.
3. Þau fasteignagjöld sem ekki hafa innheimst í september á ári hverju fara í uppboðsmeðferð. Þannig er farið fram á nauðungarsölu á viðkomandi fasteignum til lúkningar á skuldum gjaldenda. Ein beiðni verður gerð fyrir gjaldföllnum fasteignaskatti og fasteignatengdum gjöldum á hverja eign.
4. Kostnaði vegna ofanefndra nauðungarsölubeiðna verður skipt á milli Reykjavíkurborgar og Húsatrygginga Reykjavíkur við lok hvers árs. Hlutfall kostnaðarskiptingar mun ráðast af því hve mikið hefur innheimst af hverju gjaldi fyrir sig."

Auk þess segir "...Húsatryggingar Reykjavíkur/Reykjavíkurborg munu ekki skipta sér af hvernig félög í Sambandi íslenskra tryggingafélaga standa að innheimtu lögboðins brunatryggingariðgjalds húseigna en gerir að sjálfsögðu ráð fyrir að Samkeppnisstofnun kynni sér hvernig að innheimtunni verði og er staðið. Hlýtur þar að koma til skoðunar hvort iðgjaldið er innheimt sjálfstætt, þ.e. eitt og sér eða hvort það er innheimt með öðrum vátryggingum sem viðskiptavinir félaganna hafa ákveðið að kaupa og ekki eru lögboðnar skyldutryggingar."

5.

Á 42. fundi Samkeppnisráðs þann 21. desember s.l. var hafnað beiðni SÍT um að taka iðgjaldsinnheimtu Húsatrygginga Reykjavíkur sérstaklega fyrir og afgreiða hana eins fljótt og kostur væri.

6.

Þann 2. janúar s.l. var SÍT sent svar borgarlögmanns frá 30. desember s.l. til upplýsinga. Með bréfi dags. 9. janúar s.l., ítrekar SÍT m.a. að Samkeppnisráð afgreiði iðgjaldabátt starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur hið allra fyrsta, þótt afgreiðsla málsins að öðru leyti fari eftir þeim afgreiðsluhraða er tíðkast. Einnig kemur eftirfarandi fram " *...í bréfinu [borgarlögmanns dags. 30. desember s.l.] er síðan vikið að því, í hverju þessar "breytingar" eigi að felast, en fljótt á litið virðist hin breytta skipan í litlu frábrugðin því, sem tíðkast hefur. Samband íslenskra tryggingafélaga ítrekar því sjónarmið sín í fyrri bréfum til Samkeppnisstofnunar varðandi iðgjaldsinnheimtuna. Með öllu er óviðunandi, nú þegar einkaréttur Húsatrygginga Reykjavíkur á brunatryggingum húseigna í borginni hefur verið afnuminn, og önnur váttryggingafélög eru að hasla sér völl á þessu sviði, að Gjaldheimtan, sem m.a. innheimtir skatta og skyldur af þessum sömu váttryggingafélögum, eigi að innheimta váttryggingariðgjöld vegna brunatrygginga hjá Húsatryggingum Reykjavíkur. Jafnframt er því mótmælt að iðgjöldin skuli innheimt með fasteignasköttum, sem lagðir eru á skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Hyggist Reykjavíkurborg standa í þessari starfsemi verður hún að innheimta brunatryggingaiðgjöldin (ásamt viðlagatryggingariðgjaldi og brunamálagjaldi) algjörlega óháð skattheimtu sinni. Er þetta svo augljóst, að vart þarf fleiri orð um að hafa. Má raunar minna á að Reykjavíkurborg, án atbeina Gjaldheimtunnar, innheimtir kostnað vegna margskonar þjónustu, sem borgin sjálf og einstakar stofnanir hennar veita, t.d. vegna heimilisaðstoðar, rafmagns og hitaveitu, svo einhver dæmi séu nefnd. Er ástæðan væntanlega sú að Gjaldheimtan í Reykjavík starfar skv. lögum nr. 68/1962. Eins og heiti þeirra laga ber með sér nær heimild Gjaldheimtunnar aðeins til innheimtu opinberra gjalda, en ekki annars kostnaðar ríkis eða borgar. Engin lagarök mæla þannig með því, að innheimta brunatryggingariðgjalda til Húsatrygginga Reykjavíkur eigi að vera í höndum skattheimtustofnunar borgarinnar, þ.e. Gjaldheimtunnar eða innheimtast samhliða fasteignasköttum."*

7.

Þann 12. janúar s.l. var borgarlögmanni og Húsatryggingum Reykjavíkur sent bréf SÍT frá 9. janúar s.l. Í svari borgarlögmanns dags. 16. mars s.l. kom fram að óskað hefði verið umsagnar Gjaldheimtunnar í Reykjavík um bréf Samkeppnisstofnunar dags. 12.

janúar s.l. og bréf Sambands íslenskra tryggingafélaga dags. 9. janúar s.l. Að öðru leyti vísar borgarlögmaður til fyrri bréfa sinna til Samkeppnisstofnunar um málefni Húsatrygginga Reykjavíkur.

Í umsögn Gjaldheimtunnar í Reykjavík kemur m.a. eftirfarandi fram "*...Húsatryggingar Reykjavíkurborgar er opinber stofnun er fellur undir 1. gr. laga nr. 68 frá 1962. Forráðamönnum hennar er því heimilt skv. ákvæði þeirrar greinar að fela sérstakri stofnun, í þessu tilviki Gjaldheimtunni í Reykjavík, innheimtu brunatryggingariðgjalda. Á það skal bent, að venja er fyrir þeirri framkvæmd að Gjaldheimtan innheimti gjöld fyrir Húsatryggingar Reykjavíkurborgar, áður Húsatryggingar Reykjavíkur.*"

II

Lagaumhverfi

1.

Samkeppnislög nr. 8/1993 hafa það að markmiði að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, sbr. 1. gr. laganna.

Hlutverk Samkeppnisráðs er m.a. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði, sbr. d-lið 2. mgr. 5.gr. laganna.

Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar milli þess hlutar rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hlutar rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna.

Ef Samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því áliti, sbr. fyrri málslíð 19. gr. laganna.

2.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990 kemur fram að einn af tekjustofnum sveitarfélaga sé fasteignaskattur, sbr. a) lið 1. gr. laganna. Sveitarfélög hafa einnig

tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum ofl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um, sbr. 1.mgr. 2.gr. laganna.

Í 2.mgr. 2.gr. segir: *"sveitarstjórn getur ákveðið að gjalddagar vatnsskatts, holræsagjalds og lóðarleigu skuli vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og jafnframt að innheimtu þeirra verði hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4.gr."*

Samkvæmt 1.mgr. 4.gr. annast sveitastjórn álagningu fasteignaskattsins og innheimtu skattsins getur hún falið sérstökum innheimtuaðila.

Í 7.gr. kemur fram að fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á.

33.gr. laganna er svohljóðandi: *Gjöld samkvæmt lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki"*.

3.

Samkvæmt 1. mgr. 1.gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar er húseigendum skylt að váttryggja gegn eldsvoða allar húseignir.

Öll iðgjöld og matskostnaður af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á þeim hvíla nema sköttum til ríkissjóðs. Séu iðgjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt að sölu hafi verið beiðst. Á sama hátt skal sýslumaður aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar sbr. 4.gr. laganna.

Í ákvæði til bráðabirgða I kemur fram að einkaréttur Reykjavíkurborgar vegna brunatryggingar húseigna í sveitarfélaginu fellur niður frá og með 1. janúar 1995. Einnig kemur þar fram að tekjur sem Reykjavíkurborg kann að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur skuli leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingastarfsemi.

III Niðurstaða

1.

Í bréfi borgarlögmanns dags. 12. desember 1994 kemur fram að Húsatryggingar Reykjavíkur séu í eigu borgarsjóðs Reykjavíkur og hafi sjálfstætt reikningshald. Húsatryggingar Reykjavíkur starfi ekki lengur á grundvelli einkaleyfis og njóti engrar sérstakrar verndar Reykjavíkurborgar og starfsemin sé á engan hátt niðurgreidd af borgarsjóði. Með vísan til þess og ársreikningum Húsatrygginga Reykjavíkur er ekki annað að sjá en starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur sé að öllu leyti fjárhagslega aðskilin frá öðrum rekstri borgarinnar. Þar af leiðandi telja samkeppnisyfirvöld ekki ástæðu til að grípa til heimildar í 2.mgr. 14.gr. samkeppnislaga.

2.

Hvað varðar undanþágu Húsatrygginga Reykjavíkur frá þeim vátryggingalegu form- og efniskröfum sem hin almennu vátryggingarfélög verða að uppfylla, sbr. 2. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi, þá á hún sér stoð í bráðabirgðaákvæði laga um brunatryggingar nr. 48/1994. Lög um brunatryggingar eru sérlög og komu til framkvæmda þann 20. maí 1994.

Lög um vátryggingar komu til framkvæmda frá og með 30. maí 1994 og gildir 2.gr. laganna um vátryggingafélög sem stofnuð verða og/eða óska starfsleyfis eftir gildistöku laganna, sbr. bréf Vátryggingaeftirlitsins, dags. 29. september 1994, til SÍT.

Mismunandi lagalegur starfsgrundvöllur fyrirtækja í sambærilegum rekstri getur skapað ójafnvægi og gert fyrirtækjum illmögulegt að keppa á jafnræðisgrundvelli. Slík aðstaða getur haft skaðleg áhrif á samkeppni þeirra á milli. Mismunandi form- og efniskröfur eru til þess fallnar að skapa slíkar aðstæður. Með hliðsjón af því að starfsleyfi Húsatrygginga Reykjavíkur er takmarkað við lögboðnar brunatryggingar fasteigna í Reykjavík og með vísan til smæðar Húsatrygginga Reykjavíkur á tryggingamarkaðnum (árleg heildariðgjöld u.þ.b. 200 mkr.) er það mat samkeppnisyfirvalda að umræddar takmarkanir á samkeppni hafi aðeins óveruleg áhrif á tryggingamarkaðinn í heild sinni. Þar af leiðandi telur Samkeppnisráð ekki ástæðu til að gera athugasemdir á grundvelli 19.gr. samkeppnislaga.

3.

Iðgjöld Húsatrygginga Reykjavíkur hafa verið innheimt með fasteignagjöldum borgarinnar þ.e. fasteignagjöldin eru sundurliðuð á greiðsluseðlinum svo og brunatengd gjöld. Samanlögð heildarupphæð er síðan innheimt. Telja verður með

hliðsjón af hlutverki samkeppnisráðs, sbr. 5.gr. samkeppnislaga, að það heyri ekki undir samkeppnisyfirvöld að skera úr um lagagrundvöll þann sem innheimtufyrirkomulag brunatrygginga iðgjalda byggir á. Ljóst er að í því felst hagræði að innheimta iðgjöld Húsatrygginga Reykjavíkur með fasteingagjöldum fyrir milligöngu Gjaldheimtunnar. Auk þess verður að líta til þess að breytt innheimtufyrirkomulag hefði í för með sér hækkun á iðgjöldum sem skaðar hagsmuni neytenda. Þar sem brunatryggingar eru aðeins óverulegur hluti af starfsemi váttryggingafélaga er ekki hægt að fallast á að sú hagkvæmni sem í innheimtufyrirkomulaginu felst takmarki á einhvern hátt samkeppni.

Fram kemur í gögnum málsins að Húsatryggingar Reykjavíkur muni bera hlutfallslegan kostnað af rekstri Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Með því á að tryggja að Húsatryggingar Reykjavíkur beri þann kostnað er hlýst af innheimtu brunatryggingariðgjalda.

Að teknu tilliti til alls ofangreinds er það mat Samkeppnisstofnunar að starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur og innheimtu fyrirkomulag brunatryggingaiðgjalda brjóti ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga.

IV

Ákvörðunarorð:

"Óskum Sambands íslenskra tryggingafélaga sem fram koma í erindi dags. 16. nóvember 1994, um að Samkeppnisráð grípi til aðgerða vegna starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur, er hafnað".

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 14/1995](#)]